

Skólaráðsfundur 28.05. 2015

Mættir eru: Heimir Jóhannsson fulltrúi foreldra, Sigurður Arnarson fulltrúi kennara, Helga Lyngdal fulltrúi kennara, Ásdís Elva Helgadóttir fulltrúi foreldra, Ólöf Inga Andrédóttir skólastjóri, Sigríður Jóna Ingólfssdóttir fulltrúi foreldra, Svava Svavarsdóttir fulltrúi starfsmanna, og Þóra Hjörleifsdóttir deildarstjóri sem ritar fundargerð. Jörundur Guðni Sigurbjörnsson fulltrúi nemenda í skólaferðalagi. Hulda Margrét Sveindóttir fulltrúi nemenda fjarverandi.

Dagskrá:

- Áherslur á næsta skólaári
- Ráðningamál
- Önnur mál

1. **Ráðningarmál:** Búið að ráða þrjá nýja starfsmenn í sérdeild. Þeir eru: Svanborg Bobba Guðgeirsdóttir þroskaþjálfari, Anna Dögg Sigurjónsdóttir uppeldisfulltrúi og Sigrún Helga Snæbjörnsdóttir kennari. Nú er inni auglýsing um aðstoðarmatráð, Inga Björk myndmenntakennari hættir og kemur auglýsing um það á næstunni. Gunnella Skírnisdóttir myndmenntakennari kemur ekki til starfa næsta vetur. Auglýst verður eftir skólaliða þar sem Harpa Marín var ráðin til ársins. Samtals þarf að ráð í sex stöður.

Hrefna Frímann verður stundakennari næsta skólaár sem og Magnea sem forfallakennari. Helga Dögg Sverrisdóttir og Kristín List Malmberg skipta dönskukennslunni á milli sín. Eyrún Anna Finnsdóttir kennari 2. bekkjar hættir. Laufey H. Svavarsdóttir kennari 2. bekkjar fer í ársleyfi. Hulda Guðný Jónsdóttir verður umsjónarkennari í 6. bekk. Sigurbjörg Bjarnadóttir kennari kemur aftur til starfa á haust eftir ársleyfi.

2. **Áherslur á næsta skólaári:** Áherslan verður á lestrarmál nr. eitt, tvö og þrjú, móta á nýja lestrarstefnu fyrir skólana á Ak. Síðuskóli verður í samstarfi með Glerárskóla og Oddeyrarskóla í verkefni sem kallast samræða til náms. Menntabúiðir fyrir kennara í öllum grunnskólum á Ak. verða 13. ágúst n.k. þar sem áherslan verður á lestur og lestrarkennslu.
3. **Önnur mál:**

Heimir er nýkominn af hátíð Heimilis og skóla þar sem menntamálaráðherra ræddi um Hvítbókina og hann sagði að mikill þungi verði settur í lestrarkennslu á næstu árum.

Ólöf Inga greinsi frá því að Síðuskóli hefði sótti um Comeníusar heilsutengt verkefni í vetur sem á að vinna í öllum bekkjum skólans. Ekki er komið svar við umsókninni.

Í lokin var rætt um gangbrautarmál nálægt skólanum sem eru ekki í nógu góðu horfi. Heimir formaður FOKS og þrír aðrir úr foreldrafélaginu fóru á fund með skipulagsdeild Ak. bæjar vegna þessa og ætla þau að vinna að því áfram að ástandið verði bætt.

Fundi slitið kl. 16.15